

Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Bragi, Gunnar, Þrándur og Ásta.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Ferð Helga á smáþjóðaleikana 2013 í Lúxemborg**
 Bakland vegna smáþjóðaleika á Íslandi 2015 eru ÍSÍ, ITF, Alþjóða ólympíunefndin, Reykjavíkurborg og ríkið.
 Mótsstjóri á vegum ITF í Lúxemborg, þannig verður það líka á Íslandi
 Dómarar, línudómarar o.fl. frá Íslandi.
 7 þjóðir tóku þátt í tenniskeppninni í Lúxemborg af 9 þjóðum sem tóku þátt í leikunum.
 Mótið stendur í viku.
 Athuga með tölvukerfi sem notað var í Lúxemborg, hvort það gæti hentað á Íslandi.
2. **Minningarsjóður um Ólaf Rafnsson**, TSÍ gefur 25 þúsund krónur í sjóðinn.
3. **Íslandsmótið 2013**
 Víkingur, börn og ungmenni, Raj mótsstjóri?
 Þróttur, eldri flokkar, Steinunn mótsstjóri?
 Kópavogur, opinn flokkur, Grímur mótsstjóri?
 Draga verulega úr bikara- og peningakaupum, meiri áhersla á praktísk verðlaun eins og inneignir í sportbúðum?
4. **Stigamót 2013**
 Listi yfir samþykkt stigamót verður birtur fljótlega
5. **Styrkjamál**
 Borist hafa umsóknir um styrki. Samkvæmt samningi ÍSÍ varðandi unga og efnilega er það bundið að styrktar eru unglíngalandsliðsferðir. TSÍ hefur ekki svigrúm til einstaklingsbundinna styrkja að svo stöddu.
6. **Haustið og veturinn**
 Athuga kostnað og svigrúm fyrir innitíma í vetur. Athuga hvort hægt er að hafa æfingar í september og maí utanhúss á völlum félaganna.
7. **Lyfjamál**
 Stefna TSÍ varðandi þau verður birt á vefnum og fylgt eftir með prófum eftir þörfum.
8. **Landsliðsmál og afreksstefna**
 Verður skoðað með haustinu. Gunnar heldur utanum þetta fyrir hönd stjórnar.
9. **Landsliðsbúningar.**
 Samræming í búningamálum landsliðsfólks. Nokkrir búningar yrðu í eigu TSÍ, en landsliðsmönnum byðist einnig að kaupa búningana á hagstæðu verði. Ásta sér um málið.
10. **KA á Akureyri.**
 Verið að undirbúa setja upp tvo gerfigrasvelli á Akureyri. TSÍ fagnar því og mun veita ráðgjöf eftir þörfum.
11. **Mótaumsjónarkerfið.**
 Bragi og Þrándur athuga kerfi sem Raj var að stinga upp á. Eins verði skoðað kerfi frá Danmörku.

12. Skólakynningar

Skoða möguleika á að bjóða krökkum og skólum að spila í september og maí á útivöllum félaganna?

Fundi slitið.